



BYGGÐASAFN SKAGFIRÐINGA
ÁRSSKÝRSLA 2003
SIGRÍÐUR SIGURÐARDÓTTIR



SAFNVERÐIR Í NÝJU BÚNINGUM. ANNA LILJA OG EIRÍKUR.

EFNISYFIRLIT	
AÐFARAORÐ	3
GÆSLA, GESTIR OG LEIÐSÖGN	4
<i>Starfsmenn</i>	4
<i>Viðmýrarakirkja</i>	4
<i>Gestir</i>	4
<i>Heimasíða</i>	4
STARFSMENN Í NÝJUM BÚNINGUM	5
SAFNMERKIÐ	5
SÖFNUN, SKRÁNING, RANNSÓKNIR OG MIÐLUN	5
<i>Skráning</i>	6
<i>Söfnun þjóðháttanna og mannlýsinga</i>	6
<i>Rannsókn um útsaumaða vettlinga</i>	6
SKÝRSLUR.....	6
SÝNINGAR OG MILLISAFNALÁN	7
<i>Í Glaumbæ</i>	7
<i>Í Áshúsi</i>	7
<i>Í Minjahúsinu</i>	7
<i>Vesturfarasetrið</i>	7
<i>Millisafnalán</i>	7
SAFNKENNSLA	8
<i>Hvað er í kistlinum?</i>	8
SAMSTARF	8
<i>Sögusetur íslenska hestsins</i>	8
<i>Söguslóð frá Skagafirði til Siglufjarðar</i>	8
<i>Áskaffi</i>	8
<i>Samband Skagfirskra kvenna. Eins og fram hefur komið fékk</i>	8
<i>Sturlungaslóðir í Skagafirði</i>	8
MINJAVÖRÐUR.....	9
<i>Minjaráð</i>	9
BÆR OG HÚS	9
STYRKIR OG GJAFIR	9
<i>Ferðamálaráð</i>	9
<i>Nanna Hermannsson</i>	9
<i>Aage Michelsen</i>	9
<i>Menningsborgarsjóður</i>	10
TÚNGARÐURINN.....	10
MINJAHÚSIÐ Í NÝJAN BÚNING	10
SAFNADAGURINN.....	11
FORNLEIFAEILD.....	12
FORNLEIFARANNSÓKNIR	13
<i>Hólarannsóknin</i>	13
<i>Fornleifauppgröftur í Keldudal, Hegranesi</i>	13
<i>Fornleifarannsókn vegna jarðgangnagerðar</i>	13
FORNLEIFASKRÁNINGAR	13
<i>Fornleifaskráning í Borgarsveit og víðar í Skagafirði</i>	13
<i>Fornleifaskráning í Fjarðabyggð</i>	13
<i>Fornleifaskráning á Breiðdalsvík</i>	14
<i>Fornleifaskráningar vegna mats á umhverfisáhrifum</i>	14
<i>Aðrar rannsóknir</i>	14
HÓLARANNSÓKNIN	14
FORNLEIFARANNÓKN SASS.....	14
SÉRVERKEFNI	14
PÓSTKORT ÚR AKRAHREPPI.....	14
VATNSDÆLA.....	14
INDÍÁNAHEIMSÓKN.....	15
HELSTU VERKEFNIN 2004	15
<i>Geymsla</i>	15
<i>Fræðsluefni</i>	15
<i>Sýningar</i>	15
<i>Rannsóknir</i>	15
VERKEFNI FORNLEIFAEILDAR 2004.....	15
SKATASTAÐAKLÁFURINN	15



AÐFARAORÐ

Starfsemi safnsins árið 2003 einkenndist af rannsóknum, skrifum og annarri miðlun, sem er mikilvægur þáttur í starfi minjasafnanna, til að fræða og örva fólk í þekkingarleit og til að ýta undir þróun og nýsköpun. Niðurstöðum rannsókna er hægt að miðla með ýmsu móti, eins og: sýningum, útgáfu bæklinga, skýrslum, á veraldarvefnum, með fyrirlestrum og námskeiðum.

Safnið var, sem fyrr, með sýningar á fjórum stöðum: í Glaumbæ og Áshúsi, Minjahúsinu á Sauðárkróki og Vesturfarasetrinu á Hofsósi. Fastráðnir starfsmenn voru þrír, í tveimur ársstörfum. Sumarstarfsmenn voru átta og jafngiltu störf þeirra sem svarar einu og hálfu ársverki.

Aftast í skýrslunni er gerð grein fyrir viðgerð Skatastaðakláfsins vorið 2003, sem safnið kom að með óbeinum hætti. Þar sem verknaður þessi er ekki skráður annars staðar var það mat undirritaðrar að þessi greinargerð væri vel geymd hér.

Sigríður Sigurðardóttir.



GÆSLA, GESTIR OG LEIÐSÖGN

Starfsmenn. Samtals unnu 11 starfsmenn við safnið sumarið 2003, átta í skamman tíma og þrjár á ársgrundvelli. Sjö safnverðir unnu yfir sumar-tímann við að gæta sýninga og leiðbeina gestum um þær. Áttundi safnvörðurinn vann við skráningar safnmuna. Safnverðir voru: Aldís Gísladóttir Glaumbæ, Anna Lilja Pétursdóttir Varmahlið, Eiríkur Valdimarsson Vallanesi, Guðmundur Sigurðsson Kringlumýri, Gunnar Gíslason Glaumbæ, Helga María Pálsdóttir Varmahlið, Ragnheiður Bjarnadóttir Sunnuhvoli og Raket Gísladóttir Varmahlið. Starfsmenn í fullu starfi á ársgrundvelli voru safnstjóri, Sigríður Sigurðardóttir og fornleifafraeð-ingarnir Guðný Zoëga og Katrín Gunnarsdóttir, sem voru hvor í hálfu starfi. Guðný starfaði árið 2003 að hálfu sem starfsmaður Hólarannsókn-arinnar.

Safnverðir sáu um að fara með gesti um sýningar í Glaumbæ og Áshúsi og í skoðunarferðir um Glaumbæjarkirkju, sem er opin gestum alla daga sumarlangt.



Minjahúsið. Kristján Runólfsson sá um gæslu á sýningum byggðasafnsins í Minjahúsinu á Sauðárkróki og gæsla á sýningu safnsins í Húsinu á Sandi á Hofsósi var á vegum Vesturfarasetursins samkvæmt samningum þar um.

Viðimýrarakirkja. Safnverðir byggðasafnsins önnuðust gæslu í Viðimýrarakirkju á móti starfsmanni Þjóðminjasafns Íslands, Valdís Óskarsdóttur í Brekku.

Gestir á sýningar safnsins á árinu urðu yfir 30 þúsund. Í lok árs 2003 höfðu 24 234 gestir skoðað gamla bæinn í Glaumbæ sem þýðir að 27-30 þúsund manns hafa komið við á safnsvæðinu í Glaumbæ á árinu. Það var um 3000 gesta fjölgun á milli ára, sem er undraverð aukning miðað við hve rólega ferðamannastraumurinn rann í garð og svo virtist sem stefndi í fækkun milli ára í júnílok. Það fór enda svo að suma dagana voru á 6. hundrað gestir á svæðinu, en slíkur gestafjöldi krefst mikillar athygli og þjónustu. Í Minjahúsið komu um 800 gestir og á sýningu safnsins í Húsinu á Sandi á Hofsósi um 11 000.

Heimasíða safnsins er uppfærð regluglega og stefnt er að því að setja þar inn efni sem safnið hefur haft á sýningum á liðnum árum. 3 282 komur voru á heimasíðu safnsins, sem er: <http://www.krokur.is/glaumb/>





STARFSMENN Í NÝJUM BÚNINGUM

Saumaðir voru búningar á safnverðina í Glaumbæ. Pils og dagtrejgur á stúlkurnar og upphlutur til spari og síðbuxur og tvíhneppt vesti á karlmennina. Búningarnir auðvelda safnvörðunum störfin þar sem gestir eru ekki í neinum vafa hvert þeir geta sótt leiðsögn og aðstoð og fallegir búningarnir fara vel við gamla bæinn. Þarna leiðir Eiríkur Valdimarsson í Vallanesi Mikael Watson bróðurson Mark Watsons um bæinn. Mark Watson kom í heimsókn í Glaumbæ árið 1938 og gaf 200 sterlingspund til að hefja viðgerðir á bænum og björgun hans.



SAFNMERKIÐ

Frá og með árinu 2003 hafa hin opinberu söfn Skagfirðinga fengið leyfi til að nota gamla byggðamerkið sem tákn safnanna. Byggðamerkið var hætt að nota er Héraðsnefnd var lögð niður. Það er númer 1 í skrá yfir byggðamerki landsins. Í merkinu eru tákn sögu og náttúru Skagafjarðar. Sverðið og biskupsbagallinn eru tákn mestu umbrota Íslandssögunnar og fjörbrota Þjóðveldisins er hið trúarlega

og hið veraldlega vald tókust á um yfirráðin. Drangey er tákn okkar stórbrotnu náttúru, gæfta til sjós og lands, og bjargvætta í þess orðs fyllstu merkingu, auk þess að hafa skírskotun í þjóðsagnaarf okkar. Merkið er fyrir löngu orðið vel þekkt tákn Skagfirðinga.

SÖFNUN, SKRÁNING, RANNSÓKNIR OG MIÐLUN

Það sem af er árinu hefur miklum tíma verið varið í rannsóknir á safnkostinum, á öflun heimilda um fornleifar, þjóðhætti og fleira. Upplýsingum um muni er aflað jafnóðum og þeir berast, því brynt er að skrá allt sem vitað er um hvern grip, notkun, höfund, eigendur o.s.frv. Einnig er nauðsynlegt að rannsaka tilgang og tilbrigði safnmunanna sjálfra, notkun, eiginleika, hönnun og tilgang og koma niðurstöðum til skila í formi sýninga, skýrslna, greina, á rafrænu formi eða á annan þann hátt sem best hæfir efninu.



Skráning í Sarp, gagnagrunn þjóðminjavörslunnar gengur vel. Um 1200 nýskráningar hafa verið í gagnagrunninn það sem af er árinu. Flestar vegna fornleifaskráninga. 78 safnmunir bættust við í safnið og voru skráðir munir þess í árslok samtals 3856.

Söfnun þjóðháttá og mannlýsinga. Helga Bjarnadóttir fyrrverandi skólustjóri Akraskóla er tengiliður safnstjóra við hóp skrasetjara innan vebanda Sambands skagfirskra kvenna, sem safna þjóðháttá- og mannlýsingum fyrir safnið.



Rannsókn um útsaumaða vettlinga. Safnað var upplýsingum um ísaumaða rósavettlinga í eigu safnsins og annarra safna innan lands og utan, og í einkaeign. Sú rannsókn var samstarfsverkefni með Elísabetu Steinunni Jóhannsdóttur handmenntakennara sem gaf út bókina *Skagfirskir rósa-vettlingar*, í desember 2004. Sigríður Sigurðardóttir ritaði texta bókarinnar, sem framlag Byggðasafns Skagfirðinga til varðveislu merkilegs handverks.

Kirkjumunarannsókn. Á árinu hófust rannsóknir og skrif um kirkjumuni í friðuðum kirkjum í Skagafirði, sem verða birt í ritröðinni *Kirkjur Íslands*. Ritröð þessi er gefin út á vegum Húsafríðunarnefndar ríkisins, Þjóðminjasafns Íslands, Fornleifaverndar ríkisins og Biskupsstofu. Á síðastliðnum tveimur árum hafa komið út fjögur bindi í ritröðinni um kirkjur í Árnesprófastsdæmi. Nú er komið að Skagafirði sem skartar 17 friðuðum kirkjum. Framlag byggðasafnsins, sem verður meðútgefandi ritsins um kirkjur í Skagafjarðarprófastsdæmi, er fylgið í grunnrannsóknnum og textaskrifum um kirkjumuni í kirkjunum að: Ketu, Hvammi, Sauðárkróki, Reynistað, Reykjum, Goðdölum, Silfrastöðum, Hofsstöðum, Viðvík, Hofi, Felli, Barði og Knappsstöðum. Aðrar kirkjur sem fjallað verður um í ritinu eru að: Sjávarborg, Víðimýri, Hólum og Gröf.



SKÝRSLUR

Árið 2003 voru gefnar út sextán fornleifaskýrslur:

Nr. 11 *Glaumbær*. Fornleifaskráning vegna deiliskipulags fyrir umhverfi prestsbústaðar, kirkju og safns auk aðalskipulagsskyldra minja utan þess svæðis í Glaumbæ I og II. Sigríður Sigurðardóttir, febrúar 2003.

Nr. 12 *Rannsókn á torf- og grjóthleðsuleifum í Skagafirði*. Skýrsla í fjórum hlutum: Arna Björg Bjarnadóttir og Sigríður Sigurðardóttir, 2002-2003.

Nr. 13 *Höfði á Höfðaströnd*. Fornleifaskráning fyrir skipulagsvinnu vegna sumarþústaðar í Höfðagerðislandi og fyrir aðalskipulag. Katrín Gunnarsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir júlí 2003.

Nr. 14. *Hátún og Mikligarður*. Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Katrín Gunnarsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir, júlí 2003.

Nr. 15. *Syðra-Skörðugil*. Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Sigríður Sigurðardóttir, júlí 2003.



- Nr. 16. *Neskaupsstaður*. Fornleifaskráning vegna snjóflóðavarna. Guðný Zoëga júlí 2003.
- Nr. 17. *Fornleifaskráning vegna vegagerðar í landi Hvamms, Eyjólfsstaða, Bakka og Hofs í Vatnsdal*. Katrín Gunnarsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir ágúst 2003.
- Nr. 18 *Kirkjugarður í Keldudal Hegranesi*. Drög að skýrslu. Guðný Zoëga, Þór Hjaltalín september 2003.
- Nr. 19 *Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Varmahlíð. Reykjarhóll með Barði, Brún og Laugarbrekku. Einnig Hof, Fagrihvoll og Reykjarhólssel í Brekkulandi*. Katrín Gunnarsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir nóvember 2003.
- Nr. 20 *Fornleifakönnun vegna vegagerðar í Reyðarfirði og Fáskrúðsfirði*. Guðný Zoëga október 2003
- Nr. 21 *Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Áshildarholt*. Katrín Gunnarsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir nóvember 2003.
- Nr. 22 *Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Kimbastaðir, Messuholt og Lyngholt*. Katrín Gunnarsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir desember 2003.
- Nr. 23 *Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Sjávarborg*. Katrín Gunnarsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir desember 2003.
- Nr. 24 *Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Borgargerði*. Katrín Gunnarsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir desember 2003.
- Nr. 25 *Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Brennigerði*. Katrín Gunnarsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir desember 2003.
- Nr. 26 *Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Gil, Tröð og Bergsstaðir*. Katrín Gunnarsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir desember 2003.

SÝNINGAR OG MILLISAFNALÁN

Í *Glaumbæ*. Sýningin *Mannlíf í torfbæjum* var opin alla daga milli 9 og 18 frá 1. júní til 20. september og eftir samkomulagi þess utan.

Í *Áshúsi* er sýningasamstæða þar sem rakin er 300 ára *kaffisaga* og sýndir munir sem flokka má til *nytjalistar* hversdagsins, með áherslu á þjóðbúninga og heimilisáhöld. Á aðventunni var að venju sýning í Áshúsinu og lögð áhersla á þá hefð að lesa góðar bækur á jólum og kynntar nýjar bækur er tengjast Skagafirði.

Í *Minjahúsinu* á Sauðárkróki er sýningin *Gömlu verkstæðin* og sýning frá Minjasafni Kristjáns Runólfssonar. Hann er hús- og safnvörður í Minjahúsinu gegn því að fá aðstöðu þar fyrir safnið sitt. Í staðinn fær hann aðgangseyri af sýningum í húsinu og styrk til að annast gæslu á *Gömlu verkstæðunum* fyrir byggðasafnið. Minjahúsið var opin milli 14 og 18 alla daga frá 1. júní til 31. ágúst og eftir samkomulagi.

Vesturfarasetrið. Í Húsinu á Sandi hefur sýningin *Annað land - Annað líf. Vesturheimsferðir 1874-1914* verið á vegum byggðasafnsins frá 1996. Setrið sér um gæslu á sýningunni og fær aðgangseyri af henni, að frádregnum 7% sem er hlutur byggðasafnsins.

Millisafnalán. Búningur Sigurlaugar Gunnarsdóttur í Ási var lánaður á sýningu Leikminjasafns Íslands um æfi og störf Sigurðar Guðmundssonar málara, í Safnahúsinu á Sauðárkróki á Sæluvíkunni. Byggðasafnið fékk hins vegar lánað Mariuteppið svokallaða úr kirkjunni á Reykjum í Tungusveit, frá Þjóðminjasafni Íslands til sýningar á afmælisýningu Sambands skagfirskra kvenna sl. vor.





SAFNKENNSLA

Tekið var á móti skólahópum í Glaumbæ og Minjahúsinu á Sauðárkróki. Einnig var nokkrum framhalds- og háskólanemum veitt ráðgjöf og aðstoð við ritgerðavinnu og önnur verkefni.

Hvað er í kistlinum? er safnkennsluverkefni sem boðið er skólum og farið með inn í skólastofuna ef óskað er eftir því. Á árinu 2003 var athyglinni beint að skófatnaði og skólaumhverfi frá 1850-1950.

SAMSTARF

Safnið er í góðri samvinnu við ýmsa aðila um rannsóknir og sýningahald, en samvinna er á fleiri sviðum og gefur safninu ýmis tækifæri sem það hefði ekki annars.

Sögusetur íslenska hestsins. Byggðasafnið er aðili að Sögusetri íslenska hestsins ásamt Háskólanum á Hólum og Hestamiðstöð Íslands og safnstjóri situr í stjórn Setursins. Safnstjóri aðstoðaði við textagerð á sýningu Setursins um Tölt, á Hólum sl. sumar. Henni hefur nú verið breytt í farsýningu sem er lánuð um landið. Sjá nánar á Sogusetur.is

Söguslóð frá Skagafirði til Siglufjarðar vex ásmegin og eftirspurn eftir leiðsögn um hana er að glæðast. Í Söguslóðarsamstarfi með safninu eru: Hólaskóli, Sildarminjasafnið á Siglufirði og Vesturfarasetrið á Hofsósi.

Áskaffi. Samstarf byggðasafns og kaffistofunnar Áskaffis, sem rekin er í Áshúsinu, er mjög gott og gestir safnsins njóta veitinganna. Áhersla er lögð á að bjóða mat og kaffimeðlæti sem hæfir stað og stund.

Samband Skagfirskra kvenna. Eins og fram hefur komið fékk byggðasafnið hið svokallaða Maríuteppi í millisafnaláni frá Þjóðminjasafni Íslands til sýningar á vegum Sambands skagfirskra kvenna í júní 2003. Byggðasafnið greiddi ferð forvarðar, gistingu og tryggingar, sem framlag safnsins til sýningarinnar.

Sturlungaslóðir í Skagafirði. Snemma árs 2003 kom út handbók um Sturlungaslóðir í Skagafirði. Í bókinni eru lesendur leiddir milli sögustaða sem tengjast atburðum á Sturlungaöld í Skagafirði og sagt frá miklum örlögum og umbrotum á 13. öld. Bókin er myndskreytt með syrpu ólíumálverka Jóhannesar Geirs listmálara þar sem hann málar söguviðið sterkum litum og leiðir lesandann enn lengra en lesmálið í túlkun sinni á atburðunum. Útgáfa handbókarinnar er samvinnuverkefni Héraðsskjalasafns, Byggðasafns Skagfirðinga og Hólaskóla til að efla sögufræðslu fyrir skólafólk og ferðamenn. Hún er hugsuð sem tæki fyrir þá sem áhuga hafa á að nýta sér söguvið Sturlungu. Bókin er skrifuð af Dr. Árna Daníel Júlíussyni og Sigríði Sigurðardóttur safnstjóra.



MINJAVÖRÐUR

Skrifstofa minjavarðar fyrir Norðurlands vestra, sem var í Gilsstofu við Glaumbæ frá 1. janúar árið 2001, var flutt 1. desember í gamla barna-skólahúsið við Aðalgötu 2 á Sauðárkróki.

Minjaráð. Minjavörður Norðurlands vestra Þór Hjaltalín, hefur stýrt starfi minjaráðs, sem í sitja forstöðumenn opinberra minjasafna á svæðinu. Ráðið lætur sig varða minjavernd í viðum skilningi og samráð um stefnumótun safnanna varðandi minjavörslu almennt.



BÆR OG HÚS

Byggðasafn Skagfirðinga annast rekstur, umsjón og varðveislu gamla bæjarins í Glaumbæ samkvæmt samningi við Þjóðminjasafn Íslands frá 2002. Afnot byggðasafnsins af bænum eru takmörkuð við móttöku gesta og sýningu um sögu héraðsins og lífshætti fólks í gömlu torfbæjunum fyrir ákveðið framlag árlega, að upphæð 800 þús. kr. sem rennur til viðgerða og reksturs bæjarins.

Gert var við svokallaða Suðurstofu, sem í eru dyrahús (bæjardyr) og stofa og það málað. Nýtt blásturskerfi var sett í bæinn. Það heldur bænum frostfríum og er lykilatriði í varðveislu bæjar og muna sem nú er hægt að hafa í honum allt árið. Það kemur sér vel í vaxandi ferðamannastraumi, sem nær að kalla saman allt árið.

Áshús og Gilsstofa voru málaðar að utan og gert við tröppur á Áshúsinu. Í ljós hefur komið að viður sem keyptur var nýr á tímabilinu 1992-1994 er byrjaður að feysknast á meðan elstu viðir hússins láta ekkert á sjá.

STYRKIR OG GJAFIR

Árið 2003 fékk safnið styrk frá *Safnasjóði* að upphæð 1800 þús. kr.

Ferðamálaráð styrkti safnið um 500 þús. kr. til túngarðshleðslu.

Nanna Hermannsson gaf safninu 55 þús. kr. til að kaupa bekk til að setja á bæjarhlað svo safngestir geti tyllt sér, hvílt lúin bein og notið útsýnisins.

Aage Michelsen styrkti safnið um 7 þús. kr. til skiltisgerðar á úrsmiðaverkstæði J. Fr. Michelsens í Minjahúsinu.



Menningarborgarsjóður styrkti safnið um 400 þús. kr. til að efla tengsl safnsins vestur um haf og taka þátt í farsýningu Park Canada og L'Ans aux Meadows og kynna starfsemi byggðasafnsins vestan hafs.

Kristnihátíðarsjóður styrkti safnið um 1 200 þús. til úrvinnslu rannsóknargagna frá Keldudal. Hluti styrksins var greiddur fyrir áramót þar sem úthlutunardagur styrkja er 1. des.



TÚNGARÐURINN

Í mörg ár hafði staðið til að hlaða túngarð í kring um lóð safnsins, en jafn oft hafði verið hætt við vegna þess hve erfitt reyndist að fjármagna hann. Í fyrra gafst loks tækifæri til garðhleðslunnar fyrir stuðning frá Fjárlaganefnd Alþingis. Helgi Sigurðsson stýrði hleðslunni. Garðurinn er hlaðinn úr grjóti og torfi. Eitt grjótlag er undir garðinum til að rjúfa uppsog raka úr jarðveginum, ofan á eru nokkur lög af veggsniddu og strengur lagður langs og þvers á milli laga til að binda hann saman.

MINJAHÚSIÐ Í NÝJAN BÚNING

Minjahúsið á Sauðárkróki fékk andlitslyftingu. Búið er að skrautmála það á allar hliðar. Tilgangurinn er að vekja athygli á húsinu og hlutverki þess á meðan ekki er hægt að ráðast í allsherjar viðgerðir á ytra byrðinu, sem orðnar eru mjög aðkallandi þar sem múrhúð á öllu húsinu og flestir



gluggar á efri hæðinni eru ónýtt.



Á austurhlið hússins er nafn þess og lína sem markar útlínur Skagafjarðar. Á suður- og norðurhliðar hafa verið sett tákn tímans, sól og máni. Gömlum munum ásamt skagfirsku táknunum sverðinu og biskupsbaglinum hefur verið stungið í jörðina, sem máluð er á allar hliðar nema vesturhlið. Allt hverfur til moldar með tímanum og allt er sprottið úr þeim sama jarðvegi. Verkfærin sem hafa verið máluð á húsið eru einskonar tákn um það sem hinn skagfirski jarðvegur hefur gefið af sér. Jafnframt eru þau tákn um það sem sjá má inni í húsinu. Á sama hátt tákna rauðar æðar sem tengja jarðveginn og verkfærin næringuna sem hann gefur.

Á vesturhlið hússins sem snýr að Aðalgötunni eru skilaboð til vegfarenda um hvað er í húsinu. Þar er meginþemað skagfirska blóðið sem tengist allt í einu kerfi. Allar rásir þess kerfis liggja að innganginum þar sem hjartað slær. Hönnuður verksins er Guðbrandur Ægir Ásbjörnsson myndmenntakennari á Sauðárkróki. Liðsmenn við verkið með honum voru skólaliðar Vinnuskólans.

Á jarðhæð Minjahússins eru sýningar frá Byggðasafni Skagfirðinga og sýning frá minjasafni Kristjáns Runólfssonar. Á efri hæð hússins eru geymslur.

SAFNADAGURINN

Sunnudaginn 13. júlí 2003 var hinn árlegi safnadagur. Hann hófst á messu kl. 13 í Glaumbæjarkirkju. Í gamla bænum voru sýnd gömul handbrögð við ullarvinnu; tekið ofan af, kembt, spunnið á snældur, þrjónað og heklað. Einnig var brugðið úr hrosshári, saumað út og strokkað smjör. Veður leyfði ekki mikinn heyskap, en sýndur var sláttur með orfi og ljá og slegið var með fimmtíu ára gömlum Farmal Cub. Gestir voru milli 300 og 400 og tóku margir þátt í vinnunni og lærðu réttu handtökin. Greinilegur áhugi var meðal yngstu kynslóðanna að fá að ná handtökunum og bragða nýtt ósaltað smjör. Án góðra safnvina, sem komið hafa ár eftir ár að sýna hin ýmsu handbrögð, yrði safnadagurinn svipur hjá sjón. Þau sem komu til að vinna og sýna réttu handtökin að þessu sinni voru: Guðríður B. Helgadóttir Austurhlið, Margrét Ingvarsdóttir Ytri-Mælifellsá, María Helgadóttir Stóru-Ökrum, Kristín Helgadóttir Sauðárkróki og Kristín Sigurðardóttir Garðabæ. Þær voru í baðstofunni og búrinu. Sigmar Jóhannsson Lindarbæ og Borgar Símonarson Goðdölum voru í heyskap og Sigurður



Einarsson á Kúskerpi spilaði á harmonikku. Nokkur ungmenni tóku að sér að sýna handtökin öðrum gestum, þegar þau voru búin að læra sjálf. Gerði það góða lukku og munu nokkrir safngesta hafa farið betur að sér heim, auk þess sem þeir smökkuðu nýstrokkað smjör, nýtt rúgbrauð, harðfisk og hangikjöt í búrinu.



REYÐTYGJASKRIF

Framlag Byggðasafns Skagfirðinga til nýrrar og veglegrar Sýningabókar Þjóðminjasafns Íslands voru skrif safnstjóra um reiðtygi, klyfjareiðskap og samgöngur fyrr á öldum. Á sama hátt var framlag byggðasafnsins til Söguseturs íslenska hestsins kafla um reiðtygi til birtingar á heimasíðu sögusetursins, sem er www.sogusetur.is. Safnstjóri tók einnig að sér að skrifa kafla um reiðtygi í bókina Equus Islandicus, sem er í undirbúningi. Sú bók á að verða grunnrit um íslenska hestinn í fortíð og nútíð, sögu hans einkenni og notkun.

Rauði hesturinn hér á myndinni er með múl og hnappheldu úr hrosshári eftir Margræti Ingvarsdóttur á Ytri-Mælifellsá.

FORNLEIFAEILD

Fornleifafræðingur hefur verið starfandi við Byggðasafnið frá 1998 og var megin viðfangsefni hans skráning fornleifa í Skagafirði.

Á árinu 2003 urðu kaflaskil í starfsemi safnsins með stofnun fornleifadeildar sem mun taka að sér rannsóknir og beita sér fyrir rannsóknum á sviði fornleifafræði og menningarsögu í Skagafirði.

Árið 2003 urðu mannabreytingar við safnið. Katrín Gunnarsdóttir fornleifafræðingur sem starfað hafði við safnið frá 1998 lét af störfum en Guðný Zoëga, fornleifafræðingur, var ráðin deildarstjóri nýstofnaðrar fornleifadeildar. Aðrir starfsmenn eru verkefnaráðnir eftir þörfum. Góð



samvinna er við Hólarannsóknina um samnýtingu starfsmanna, húsnæðis og búnaðar sem gefur aukna möguleika á rannsóknum og verkefnavali.

Deildinni er ætlað að standa undir eigin starfsemi, rekstrar- og launakostnaði, með fjáröflun í formi styrkja eða útseldrar vinnu. Hún mun því einnig, eftir föngum, taka að sér verkefni utan sveitarfélagsins svo sem fornleifaskráningar vegna skipulagsvinnu sveitarfélaga og mats á umhverfisáhrifum framkvæmda, fornleifakannanir vegna framkvæmda og neyðarrannsókna. Hér á eftir verður tæpt á helstu verkefnum deildarinnar árið 2003.

FORNLEIFARANNSÓKNIR

Hólarannsóknin

Fornleifarannsókn á Hólum í Hjaltadal fór fram annað árið í röð með hæsta styrk sem veittur er af Kristnihátíðarsjóði. Byggðasafn Skagfirðingar, Hólaskóli og Þjóðminjasafn Íslands standa að rannsókninni en framkvæmdastjóri hennar er Ragnheiður Traustadóttir fornleifafræðingur. Starfsmenn fornleifadeildar hafa tekið þátt í Hólarannsókninni frá upphafi. Árið 2003 tók deildin einnig þátt í kennslu í vettvangsnámi í fornleifafræði á Hólum á vegum Háskóla Íslands og Hólaskóla.

Fornleifauppgröftur í Keldudal, Hegranesi

Guðný Zoëga deildarstjóri Fornleifadeildar stýrði björgunaruppgeftri sem fram fór í umboði Fornleifaverndar ríkisins í Keldudal í Hegranesi. Við rannsóknina unnu sérfræðingar frá Byggðasafninu og Hólarannsókninni. Við byggingaframkvæmdir þar sumarið 2002 var óvænt komið niður á kirkjugarð á 2-3 metra dýpi, suðvestan í gamla bæjarhólnum. Upp komu



54 beinagrindur, óvenju vel varðveittar, bæði af börnum og fullorðnum. Margir höfðu verið lagðir í trékistur. Engar aðrar heimildir eru um kirkju í Keldudal, en ljóst er að kirkjugarðurinn er að stofni til frá því fyrir 1100 og skálinn undir honum frá því fyrir árið 1000. Við uppgröftinn fundust einnig minjar um skála sem bíða rannsókna. Byggðasafnið fékk styrk úr Kristnihátíðarsjóði til greiningar beina úr kirkjugarðinum.

Fornleifarannsókn vegna jarðgangnagerðar

Byggðasafnið tók að sér að gera fornleifarannsókn fyrir Vegagerðina á tveimur stöðum sem koma til með að hverfa við vegagerð í tengslum við jarðgangnagerð milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar. Grafnir voru tveir könnunarskurðir í júní 2003 og var úrvinnsla lokið í október 2003. Auk fornleifadeildar komu starfsmenn Hólarannsóknarinnar að verkefninu.

FORNLEIFASKRÁNINGAR

Fornleifaskráning í Borgarsveit og víðar í Skagafirði fór fram á vegum deildarinnar vegna vinnu við aðalskipulag. Skráðar voru 17 jarðir í Skagafirði.

Fornleifaskráning í Fjarðabyggð

Alls voru skráðar 30 jarðir í Fjarðabyggð vegna aðal- og deiliskipulags sveitarfélagsins. Þar af voru tólf jarðanna skráðar á vettvangi en átján jarðir voru svæðisskráðar. Skráningin fór fram í september 2002 og júní



2003 og lýkur skýrslugerð í janúar 2004. Auk fornleifadeildar komu starfsmenn Hólarannsóknarinnar að verkefninu.

Fornleifaskráning á Breiðdalsvík

Á Breiðdalsvík voru skráðar þrjár jarðir vegna aðalskipulags sveitarfélagsins. Vettvangsskráning fór fram í júní 2003 en skýrsla verður tilbúin í febrúar 2004. Auk fornleifadeildar komu starfsmenn Hólarannsóknarinnar að verkefninu.

Fornleifaskráningar vegna mats á umhverfisáhrifum

Fornleifadeildin vann tvö verkefni í tengslum við mat á umhverfisáhrifum sumarið 2003. Það fyrra var vegna gerðar snjóflóðavarnarmannvirkja í Neskaupstað og það síðara vegna vegagerðar í Vatnsdal.

Aðrar rannsóknir

Í október fór starfsmaður fornleifadeildar í vettvangsferð ásamt ritara Byggðasögu Skagafjarðar og minjaverði Norðurlands vestra í Vesturdal og Austurdal til að kanna byggðaleifar á svæðinu í tengslum við ritun Byggðasögunnar. Teknir voru fjórir könnunarskurðir til að greina aldur rústa og mun úrvinnsla gagnanna fara fram árið 2004.

HÓLARANNSÓKNIN

Hólarannsókn. Þann Sjá nánar á <http://holar.is/fornleifar/>. Samstarfið við Hólarannsókn gerði safninu kleift að sinna ýmsum verkefnum svo sem við skráningum, meðal annars með vinnuskiptum. Hólarannsóknin fékk þriðja árið í röð hæsta styrk sem Kristnihátíðarsjóður veitir, 11 milljónir.

FORNLEIFARANNSÓKN SASS

Fornleifarannsókn SASS (The Skagafjörður Archaeological Settlement Survey). Safnið er aðili að rannsókn fornleifa- og jarðfræðinga frá UCLA, Northwestern University á jarðleiðnimælingum á jörðum á Langholti og víðar.

SÉRVERKEFNI

Hópur hollenskra vísindamanna var við raka- og efnamælingar í Glaumbæ í október. Niðurstöður eru ekki komnar.

PÓSTKORT ÚR AKRAHREPPI

Safnstjóri tók saman stutt yfirlit yfir sögustaði í Akrahreppi og setti á einblöðung sem kallaður er Póstkort úr Akrahreppi og var dreift á viðkomustaði ferðamanna í Skagafirði.

VATNSDÆLA

Forstöðumaður Safnahúss og safnstjóri byggðasafns stóðu fyrir samlestri og umræðum um Vatnsdælu, sem stóð yfir í fjóra mánuði. Lesið var aðra hverja viku í Safnahúsinu. Þátttakendur voru milli 12 og 16.



INDÍÁNAHEIMSÓKN

Sögukonan Ruth Cristie sem er Kanadabúi af indíánaættum kom til Skagafjarðar á vegum byggðasafnsins og Minjasafnsins á Akureyri. Hún var með erindi og frásagnir í Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra, Hóla-skóla og Vesturfarasetrinu.

HELSTU VERKEFNIN 2004

Eins og undanfarin ár mun unnið að því að efla starfsemi safnsins í hvívetna, sérstaklega með tilliti til betri aðstöðu til skráninga, forvörslu, þökkunar og geymslu.

Geymsla

Í þeim ásetningi að efla söfnun og varðveislu muna er fyrirhugað að færa aðalgeymslu safnsins á efri hæð Minjahússins á Sauðárkróki. Þar er hægt að hýsa mest allan safnkost byggðasafnsins, þann sem ekki er í sýningum. Verkefnið hófst haustið 2003 og stefnt er að því ljúki haustið 2004.

Fræðsluefni

Unnið fræðsluefni m.a. um Glaumbæ, torfhleðslu, hreinlæti í torfbæjum, o.fl. eftir því sem tími vinnst til.

Sýningar

Nauðsynlegt er að uppfæra sýninguna á norðurlofti í Áshúsi og í miðherbergi að sunnan. Endurnýja skápa og innsetningu í Gusu og unnið verður að uppsetning á Verslun Haraldar Júlíussonar, eins og hún var 1950-1970.

Rannsóknir

Haldið verður áfram fornleifarannsóknnum, eins og fram kemur hér á eftir, og rannsóknnum á kirkjumunum. Rannsóknir á safnmunum eru stöðugar og fleiru munu vafalaust bætast við.

VERKEFNI FORNLEIFADEILDAR 2004

Árangur ársins 2003 gefur tilefni til bjartsýni um framtíð fornleifadeildar við Byggðasafn Skagfirðinga. Fjöldmörg verkefni eru þegar á verkefnaskrá fornleifadeildar árið 2004. Má þar nefna fornleifaskráningu vegna aðal- og deiliskipulags Skagafjarðar, deiliskipulags á Þingeyrum og deiliskipulags í landi Kolkuóss. Þrjú mánuðir fara í úrvinnslu og greiningu beina úr uppgreftinum í Keldudal. Fáist til þess styrkur mun einnig farið í endanlega úrvinnslu uppgraftargagna úr Keldudal. Vinna við Hólarannsóknina og kennsla við vettvangsskóla í fornleifafræði eru helstu verkefni sumarsins en úrvinnsla gagna og skýrsluskrif fyrir umsókn í Kristnihátíðarsjóð taka við að sumri loknu. Önnur verkefni eru háð því að til þeirra fáist styrkir en einnig koma oft upp verkefni með skömmum fyrirvara og því ekki mögulegt að gera grein fyrir þeim hér.

SKATASTAÐAKLÁFURINN

Kláfurinn yfir Jökulsá austari við Skatastaði. Þann 14. júní var kláfferjan á Skatastaðum orðin eins og ný eftir mikla viðgerð, en hún féll í ána í asahláku í desember 2001 er klakastífla brast. Jakaburðurinn náði upp í kláfinn og sleit hann niður. Kassinn var óskemmdur en tré brotnuðu af festingunum við vesturlandið og vírar slitnuðu. Er sjatnaði í ánni hékk kláfurinn í vírunum í fjöruborðinu við austurbakkann. Kláfnum var bjargað á land og flugbjörgunarsveitarmenn fluttu hann vestur yfir á með ýmsum tilfæringum og settu í var við Skatastaðabæinn. Þar var hann fram



á gamlaársdag 2002 er undirrituð ásamt fulltrúum Gangnamannfélags Austurdals, Akrahrepps og Byggðasafns, fóru að ná í kláfinn.

Mest allt timburverk, nema kassinn sjálfur, var endurnýjað. Þvertré á festingu hafði kubbast í sundur, en vindukeflið sjálft var heilt. Járnvirar, hjól og legur voru endurnýjuð. Allt var gert eins og fyrir var og engu breytt í uppsetningunni nema vír á vinduverki, sem hvarf til fyrri ummerkja. Gísli Frostason smiður sá um viðgerð á öllu timburverkinu og stýrði aðgerðum. Ferðamálafulltrúi Skagafjarðar sótti um styrk til efniskaupa og viðgerða frá Vegagerð ríkisins sem studdi verkefnið myndarlega. Framlag vegagerðarinnar skipti sköpum um að verkefnið væri framkvæmanlegt. Gísli Frostason sá um allt timburverkið. Við járnsmíðar unnu Gunnar Gunnarsson og Páll Sighvatsson vélvirkjar, frá Ferðafélagi Skagfirðinga. Margir sjálfboda-liðar komu að verkinu og með áhuga og samstilltu átaki tókst að vinna öll verk þannig að kláfurinn er nú jafn góður og nýr.

Á uppstigningardag var farið með allt timburverkið frameftir og það sett upp. Þann 14. júní s.l. var gengið frá vírum og ferjan gerð virk og sett af stað. Ágúst Guðmundsson formaður ferðafélagsins vann við uppsetningu kláfsins ásamt Gísla sem verkstýrði, Agnari oddvita Akrahrepps og aðstoðarmönnum: Trostani og Vilhjálmi Agnarssonum, Gunnari Sandholt, Gísla Rúnari Konráðssyni, Smára Borgarssyni og Sigurði Frostasyni. Kristján Kristjánsson frá Skatastöðum kom frameftir og sagði viðstöddum sögu kláfsins.

Ferjudráttur var lögbundinn á Íslandi í margar aldir, en dráttarkláfar til fólksflutninga, eins og kláfferjunar voru kallaðar, voru óalgengir og þeirra er hvergi getið í heimildum fyrr en á 18. öld. Hins vegar hefur útbúnaður til að koma farangri yfir ár með drætti (seilardráttur, tildráttur) þekkt lengi. Dragferjur eins og voru á kvíslum Héraðsvatna voru önnur gerð ferjudráttar. Dragferjur voru prammar sem dregnir voru á köðlum eða vírum eins og kláfferjurnar.

Kláfferja er trékassi (kláfur) sem leikur á köðlum eða vírum, sem strengdir eru á milli árbakka og stundum yfir hengiflug. Skatastaðakláfurinn var fyrsti skagfirski kláfurinn sem ætlaður var til fólksflutninga og er talinn vera frá um 1850. Kláfferjur voru einnig yfir Héraðsvötn vestur frá Flatatungu. Sú ferja var virk frá 1878 til 1929. Þá bilaði kláfurinn með þeim afleiðingum að ung kona druknaði. Sú ferja var ekki tekin í notkun aftur. Árið 1875 var settur kláfur á Jökulsá vestari norðan Goðdala og var hún í notkun til 1896.

Það var Guðmundur Guðmundsson bóndi á Ábæ sem stóð fyrir uppsetningu fyrstu kláfferjunnar við Skatastaði og sannaði hann tilverurétt hennar svo um munaði er Ytrihreppa- og Skeiðamenn komu ekki sauðfé sem þeir höfðu keypt austan vatna í Skagafirði árið 1858, yfir ána. Sunnlendingar urðu að fella fé vegna fjárkláða og keyptu mörghundruð kindur norðanlands þetta ár. Þegar átti að reka féð suður reyndist Jökulsáin ófær vegna flóða. Guðmundur í Ábæ gerði sér þá lítið fyrir og flutti um eittþúsund fjár vestur yfir í kláfnum og þáði enga borgun fyrir. Það hljóta að hafa verið 250 ferðir því fjórar ær komast í kláfinn í einu.

Kláfur Guðmundar dugði vel og varð ómissandi samgöngutæki. Árið 1879 var nýjum kláfi komið upp fyrir samskotafé Lýtinga og Akrahreppinga. Árið 1902 gerðist það sama og hundrað árum seinna, að jökulhlaup tók kláfinn af. Kristján Kristjánsson á Ábæ og Þorsteinn Sigurðsson á Skatastöðum keyptu þá stálvír á 80 kr. í von um að hægt væri að koma upp ferju sem gæti flutt hesta. Ekki fékkst nægur styrkur til að gera kláfinn svo rammgerðan.

Fimmtán árum seinna fór kláfurinn aftur af í flóði en vírarnir björguðust. Gert var við hann af vanefnum, en hann var samt notaður. Á fimmta áratugnum (1946-1948) steypti Ólafur Kristjánsson frá Ábæ upp stöpla sitt hvoru megin ár og smíðaði nýjan kláf og notaði áfram vírana frá 1902. Vírarnir voru því að nálgast tírætt er jakaburðurinn sleit kláfinn niður í desember 2001. Kláfurinn við Skatastaði er eini kláfurinn á landinu



með þeim ummerkjum sem þar sjást. Hjólin leika á ásum og þannig er gengið frá kassanum að engin hætta er á að hann rifni af strengjunum. Árið 1970 var kláfferjan enn löguð. Kassinn var styrktur með gjarðajárni og skipt um botnfjalir og settar legur á hann og ferjubómuna til að gera dráttinn liðugri. Viðgerðin var þá eins og nú kostuð af Vegagerðinni (sýsluvegafé) og að mestu unnin af sjálfboðaliðum.

Tuttugu árum seinna (1989-1990) kostaði sýslusjóður enn viðgerð á kláfnum. Þá var frá kassinn frá 1902 tekinn og endurnýjaður að öllu leyti í sinni mynd og vírar voru endurnýjaðir. Valur Ingólfsson smiður á Sauðárkróki sá um þá viðgerð, með fleirum. Gamli kassinn var þá settur á safn samgöngutækja hjá Vegagerðinni þar sem hann verður varðveittur.

Heimildir:

Hallgrímur Jónasson, 1946. Árbók Ferðafélags Íslands. Skagafjörður.

Kristján Kristjánsson frá Skatastöðum

Kristmundur Bjarnason, 1987. Sýslunefndarsaga Skagfirðinga. Fyrri bindi Valur Ingólfsson smiður Sauðárkróki.

